

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 3. apríl 2025 eftirfarandi:

Kumlamýri 25-27, óveruleg deiliskipulagsbreyting Kumlamýrar.

Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitum parhússins sé „speglað“.

Suðurhraun 2a, óveruleg deiliskipulagsbreyting Molduhrauns.

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits lóðarinnar Suðurhrauns 2a.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 6. mars 2025 eftirfarandi:

Kauptún 6, deiliskipulagsbreyting Kauptúns.

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðarinnar Kauptúns 6 til suðurs og vesturs.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2025 eftirfarandi:

Flóttamannavegur, undirgöng, deiliskipulagsbreyting Urriðaholts, austurhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum undir Flóttamannaveg, norðan við aðkomu að golfvelli.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 6. febrúar 2025 eftirfarandi:

Farsímamastur, deiliskipulagsbreyting Ása og Grunda.

Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu farsímamasturs við göngubrú yfir Hafnarfjarðarveg.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. september 2024 eftirfarandi:

Farsímamastur við gatnamót Suðurnesvegjar og Höfðabrautar, deiliskipulagsbreyting við Helguvík.

Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu farsímamasturs við gatnamót Suðurnesvegjar og Höfðabrautar.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 5. september 2024 eftirfarandi:

Endurskoðað deiliskipulag fyrir Bæjargil.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur út gildi samþykkt deiliskipulag Bæjargils sem náði einnig til Gilsbúðar, samþykkt 1984.

Endurskoðað deiliskipulag fyrir Búðir (Iðnbúð/Smiðsbúð/Gilsbúð).

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag fyrir iðnaðar- og verslunarlóðir í Búðahverfi (Iðnbúð, Smiðsbúð), samþykkt 1977 og endurskoðað 2004. Einnig fellur úr gildi samþykkt deiliskipulag Bæjargils sem náði til Gilsbúðar, samþykkt 1984.

Endurskoðað deiliskipulag fyrir Hæðir.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi samþykkt deiliskipulag Bæjargils, 2. áfanga (Hæðahverfi), samþykkt 1989.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 4. apríl 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. apríl 2025